

# FRÉTTABRÉF FYRIR FÉLAGSMENN

1. tbl. 2. árg. júní 2016. Ábyrgðarmaður Skúli Björn Gunnarsson



Stjórn SSF: Sigrún Þormar, Ásborg Arnþórsdóttir, Guðbrandur Benediksson, Rögnvaldur Guðmundsson, Dagný Marín Sigmarsdóttir, Þórir Örn Guðmundsson og Skúli Björn Gunnarsson.

## FRÉTTIR AF AÐALFUNDI OG FÉLAGSFUNDI

Aðalfundur samtakanna var haldinn 29. apríl í Norræna húsinu á undan afmælistálfingi. Heldur slök mæting var hjá félagsmönnum á aðalfundinn og vildu menn meina að annir heima fyrir væru það miklar að erfitt væri að komast frá. Því var m.a. rætt um að fylgja á næsta ári tillögum frá félagsfundum í Vestmannaeyjum að halda aðalfundinn frekar um mánaðamótin mars apríl og hafa aðeins einn félagsfund að hausti í byrjun nóvember. Félagsfundurinn í Vestmannaeyjum 15.-16. okt. var líka heldur illa sóttur en afar fræðandi. Á aðalfundinum í Norræna húsinu voru hefðbundin aðalfundarstörf en jafnframt

samþykkt ný gjaldskrá fyrir aðild og þátttöku í kynningaræfni.

Helstu niðurstöðutölur ársreiknings voru þessar:

Tekjur	7.131.078 kr.
Gjöld	9.121.428 kr.
Halli m.t.t. fjárml.	(1.995.503 kr.)
Eigið fé í lok árs 2014	1.786.118 kr.

Formaður og stjórn voru endurkjörin. Á aðalfundinum var einnig kynntur starfsmaður sem ráðinn var í tiltekin verkefni á vegum SSF í sumar. Þá var varpað til stjórnar hugmynd um afmælisráðstefnu í haust undir yfirskriftinni „Hvers virði er fortíðin“.

## FRÉTTAKORN

**Samningur SSF** við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti var endurnýjaður 25. feb. Er hann til eins ár og upp á 3 m.kr.

**Kynningarbæklingi** SSF, sem prentaður var sl. sumar, er áfram dreift í ár. Með haustinu verður hannað nýtt prentefni en ekki er gert ráð fyrir að hafa það eins ítarlegt og verið hefur heldur leggja áherslu á netmiðlun.

**Facebook síða** SSF lifir (*söguslóðir*) og félagar eru hvattir til að koma þar á framfæri viðburðum. Hægt er að senda efni á Sigrúnu ([sigrunthormar@me.com](mailto:sigrunthormar@me.com)).

**Vefurinn soguslodir.wordpress.com** er notaður til að miðla fréttum og hagnýtu efni til félagsmanna. Ef menn „followa“ vefinn þá fá menn tilkynningar um



Guðni Th. Jóhannesson á afmælistálfinginu.

## AFMÆLISTÁLFING Í NORRÆNA HÚSINU

Samtökin stóðu fyrir afmælistálfingi í Norræna húsinu í tengslum við aðalfundinn í tilefni þess að 10 ár eru liðin frá stofnun SSF á Þingeyrum. Yfirskrift málfingsins var *Tækifæri söguferðáþjónustunnar* og var það haldið í samstarfi við Íslandsstofu, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti og Norræna húsið. Ragnhildur Elín Árnadóttir ráðherra setti málfingið en síðan tók við þriggja tíma dagskrá með úrvals erindum og pallborðsumræðum í lokin. Felix Bergsson var fenginn til að stýra málfinginu og meðal fyrirlesarar voru tveir forsetaframbjóðendur sem

láta sig sögu og menningu varða, þeir Andri Snær og Guðni Th. Þá var kynnt ný herferð Íslandsstofu, *Iceland Academy*, en þar á söguferðáþjónustan verðugan fulltrúa, Sirrý í Landnámssetrinu. Rögnvaldur Guðmundsson, sem verið hefur formaður SSF frá upphafi, fór yfir sögu samtakanna og framtíð þeirra. Helga Árnadóttir, framkvæmdastýra SAF, og Inga Hlín Pálsdóttir, forstöðukona hjá Íslandsstofu, ræddu um tækifæri söguferðáþjónustu og hvaða máli hún skiptir við markaðssetningu erlendis. Málfingið var vel sótt og þéttsetinn bekkurinn í Norræna húsinu.

## VERKEFNIÐ FOLLOW THE VIKINGS

Víkingaverkefnið *Follow the Vikings* hófst í júlí 2015 og nær fram í júní 2019. Að því koma 15 fullgildir aðilar og auk þess tengjast því 10 aðrir aðilar. Styrkurinn frá Creative Europe hljóðar upp á tæpar tvær milljónir evra en gert er ráð fyrir að heildarumfang verði tvöföld sú upphæð með framlögum þátttakenda. SSF eru einn hinna fullgildu aðila og bera ábyrgð á einum verkþætti.

Stór liður í verkefninu eru námsstefnur sem haldnar eru í þátttökulöndum. SSF fá ákveðna upphæð (ca. 2000 evrur) til að senda þáttkendum á þessar námsstefnur og hefur stjórn ákveðið að deila þeirri upphæð með þeim sem vilja fara. Nú þegar eru búnar námsstefnur í Foteviken í Svíþjóð og Catoira á Spáni. Þær næstu eru í **Trelleborg í Danmörku 28.-30. sept. (sýningartækni og hönnun)** og á **Hjaltlandseyjum 29.-30. jan. (markaðssetning)** Síðan verður röðin komin að Íslandi í sept. 2017. Þeir sem eru áhugasamir um að sækja þessar námsstefnur eru beðnir um að setja sig í samband við Rögnvald formann (rognavaldur@rrf.is). Einnig er hægt að nálgast skráningar-eyðublöð og meiri upplýsingar inni á heimasíðunni: [www.destinationviking.com](http://www.destinationviking.com).

Stjórn SSF hélt sérstakan fund í mars um verkefnið þar sem reynt var að kalla til þá félaga sem sérstaklega tengjast víkingatímanum og ræða verkefnið. Reynt verður að virkja þann hóp áfram og bæta í hann. Mikilvægt er að félagsmenn taki þátt í Evrópuverkefninu og nýti verkefnið til að afla sér þekkingar og tengsla. Inni á félagsvef SSF, er að finna frekari upplýsingar um verkefnið.

## STARFSMAÐUR OG STARFSEMI

Katarzyna Maria Dygul var ráðin í 50% starf til 3ja mánaða í apríl, maí og júní. Samtökin sömdu við Íslandsstofu um að hún fengi starfsaðstöðu þar og vinnufélaga. Vinnuálagstofnun veitti styrk í sérstakt átaksverkefni og kostar hluta af launum.



Meðal þeirra verkefna sem Katarzyna hefur unnið síðustu mánuði er að taka til í félagaskrá og taka saman skýrar upplýsingar um hvern aðila. Þá hefur hún unnið í heimasíðunni [sagatrail.is](http://sagatrail.is) við að setja inn fleiri aðila þar og búa til leiðarlýsingar fyrir söguhringi. Einnig er hún búin að flokka myndasafn samtakanna og koma úrvali af því fyrir á vefnum. Fleiri verkefni hafa verið á borði hennar enda af nógu að taka. Vinnuálagstofnun og Íslandsstofa hafa samþykkt að koma að framlengingu á ráðningu Katarzynu til annarra 3ja mánaða og hefur stjórn samþykkt að framlengja ráðninguna. Verkefnin eru ærin og er m.a. gert ráð fyrir að starfsmaðurinn aðstoði félagsmenn sem greiða kynningargjald við að gera sig sýnilegri á netinu, s.s. með Tripadvisor og Google Maps.

## ÁRGJALD OG KYNNINGARGJALD

Á aðalfundinum í apríl var samþykkt breytt gjaldskrá fyrir aðild að samtökunum og hvað sé innifalið í árgjaldi annars vegar og kynningargjaldi hins vegar. Samþykkt var að lækka kynningargjald í 90 þús. kr. en það hefur verið 100 þús. kr. frá 2006. Markmiðið með því er að fjölga þeim sem greiða slíkt gjald og efla þannig fjárhagsgrundvöll samtakanna, m.a. til að geta haft starfsmann til að þjónusta félagsmenn. Árgjaldið er nú veltutengt og **innifalið í fullri aðild er:**

- grunnskráning á vefinn [sagatrail.is](http://sagatrail.is) / [soguslodir.is](http://soguslodir.is)
- límmiði fyrir glugga eða vegg um aðild að SSF
- 50% afsláttur af þátttökugjöldum á fundum og ráðstefnum SSF.

Árgjald 2016	Full aðild	Aukaaðild (75%)
Gjaldflokkur 1 (ársvelta allt að 10 m.kr.)	16.000 kr.	12.000 kr.
Gjaldflokkur 2 (ársvelta 10-40 m.kr.)	24.000 kr.	18.000 kr.
Gjaldflokkur 3 (ársvelta yfir 40 m.kr.)	30.000 kr.	22.500 kr.

Einstaklingar með aukaaðild greiða áfram 6.000 kr.

**Innifalið í 90.000 kr. kynningargjaldi** er eftirfarandi:

- ítarskráning á vef, s.s. skráning í fleiri flokka og í söguhringi
- staðsetning og upplýsingar í prentuðu kynningarefni
- afsláttur á auglýsingum
  - o hjá samstarfsaðilum SSF, s.s. Safnabókin
  - o í auglýsingaherferðum SSF
- fáni samtakanna (1 stk.)
- aðgengi að ljósmyndagrunni SSF
- aðstoð starfsmanns SSF við sýnileika á vef, s.s. TripAdvisor og Google Maps

Í kjölfar aðalfundarins var eitt af verkefnum starfsmanns samtakanna að senda út eyðublöð til félagsmanna og fá staðfestan gjaldflokk og þátttöku í kynningargjaldi. Því miður fækkaði þeim sem velja að greiða kynningargjald við fyrstu svörun. Verði sú raunin, sem er þvert á vonir stjórnar og aðalfundar, þá verður lítið úr áætlunum um að efla samtökin og halda úti meiri þjónustu við félagsmenn. **Stjórn biður því forsvarsmenn aðila að SSF að endurskoða þessar ákvarðanir til að auka tekjur samtakanna af kynningargjaldi.**

## NÆSTI FÉLAGSFUNDUR

Á félagsfundum í Vestmannaeyjum í október sl. var gerð tillaga um að fækka félagsfundum utan aðalfundar í einn og halda hann fyrri hlutann í nóvember. Aðalfundur að vori verði þá haldinn um mánaðamót mars apríl og hætt að hafa félagsfund í ársbyrjun. Þetta fyrirkomulag miðar að því að fjölga þeim sem sækja fundina til að efla innra starfið hjá samtökunum. Ekki liggur fyrir staðsetning á félagsfundum haustsins en stefnt norður eða austur.

**Minum á vef fyrir innra starf samtakanna: [soguslodir.wordpress.com](http://soguslodir.wordpress.com). Munið að „followa“!**